Ár 1872 hinn 10. August á Kaupangi var pólitíréttur haldinn af sýslumanninum í Eyjafjardar sýslu med vottum Er-lendi bónda Ólafssyni og Sigurdi bónda Oddssyni. Dóm-arinn lagdi fram bréf frá hlutadeigandi presti, er tilkynnir 1^sta^ hórdómsbrot vinnukonu Ásdýsar Þorsteinsdóttur á Kaupangi, og ad hún hafi lýst födur ad barni sínu, giptan mann Jónas Sveinsson á Lögmannshlíd. svohl. Þau

komu bædi fyrir réttinn, og stód hún stödug vid sinn fram-
burd um fadernid, en Jónas vildi ekki kannast vid þad, en
kvadst þó vilja eptirláta henni eid, ef hún þyrdi ad sverja
þad á sig. Og kvadst hún vera fús til þess, ef hann vildi
ekki á annan veg sámgast vid fadernin. Var hún þá
áminnt um ad gá ad sér ad vinna ekki eidinn, ef hún væri
ekki öldungis viss um fadernid, en hún kvadst engan
efa á því hafa. Hreppstjóri Jón Jónsson á Múka-
þverá var vidstaddur sem svaramadur Ásdísar, svo og
prestarinn Síra M Thorlacius, og brýndu þeir hvor um sig
fyrir henni helgi eidsins, og loksins var lesin fyrir henni
hin lögbodna áminníngarræda. Vann hún svo med
uppréttum fíngrum eid ad því, ad Jónas Sveinsson sem
er hér í réttinum væri sannur fadir ad barni því, er hún
seinast ól. Var svo réttinum uppsagt.

Briem Ólafsson Sigurdur Oddsson

Ásdís Þorsteinsdóttir Sveinsson

Jónsson